

oss aptur bóanarbréfið, þar er þeir beiddust, að fæðingarhúsið þar á eyjunum yrði af tekið og áhöld öll seld. Þessu máli viljum vér svara á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar, en beidendum til auglýsingar, að dómsmálastjórnin verður, með ráði hins konúnglega heilbrigðisráðs, er spurt hefir verið um málið, að álita það réttast, að hætt sé að nota fæðingarhúsið fyrst um sinn, en þó sé eigi áhöldin seld.

1858.
23. júlí.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 27. júlí. vesturumdæminu, um fiskiver Frakka.

Þér hafið, herra amtmaður, ritað oss 4. maí í vor, og skýrt oss frá, að Frakkar hafi enn að nýju reynt til að koma upp fiskiveri á Íslandi, því frakkneskt skip hafi komið þess erindis nú í vor inn á Grundarfjörð; þér hafið og lýst fyrir oss, hversu þér hafið til bráðabyrgðar svarað gjörðarmanni á skipinu því er hann spurði yður, hvort hann gæti fengið borgararéttindi á Íslandi, til þess að kaupa sér land á Grundarfirði og setja þar fiskiver sumarið 1859. Þá hafi þér og beiðzt, að nú í sumar yrði sent herskip til Íslands frá Danmörku, til að hafa gætur á um framferði Frakka og styrkja yfirvöldin til að afstýra yfirgangi þeirra, og að lagt væri niður fyrir yfirvöldunum, með hverjum skilmálum þau mætti veita Frökkum borgarétt á Íslandi til að verka þar saltfisk og flytja hann þaðan.

Vér höfum nú snúið oss að herflotastjórninni um sending herskips til Íslands, og munuð þér fá svar það síðar; en um hitt, er þér beiðist, skulum vér nú svara á þessa leið.

Frá því er sagt í tilskipun 17. nóvember 1786, 7. gr., sbr. 6. gr., með hverjum skildaga utanríkismenn geti öðlzt borgarétt í verzlunarstöðum á Íslandi. Eigi verður heimitað eptir greinum þessum, sem þér, herra amtmaður, hafið þó ætlað, að maður skuli leystur af þegnskyldu sinni við utanríkiskonúng, áður hann geti náð borgarétti á Íslandi, sbr. einnig tilsk.

1858. 8. marz 1843, 5. gr. tölulið 1., og tilsk. 6. janúar 1857, 2. gr., er sýna óbeinlínis, að íslenzkir borgarar geti samtíðis verið þegnar Dana konungs og einhvers annars konungs.

Þeir sem öðlzt hafa borgararétt í verzlunarstöðum á Íslandi, eptir lagagreinum þeim er nú voru nefndar, megu síðan kaupa land, verzla og stunda hverja þá atvinnu er þeir vilja; þeir hafa og jafnan rétt við landsmenn til að hafa sjávarútveg, sbr. opið bréf 18. ágúst 1786, 16. gr., og tilsk. 13. júní 1787, 2. kap. 5. og 6. gr., sbr. 4. gr. En í tilsk. 13. júní 1787, 1. kap. 10. gr., segir, að hafa skuli einungis innlend skip til fiskjar á Íslandi, og er sjálfsagt, að grein þessi nær eigi síður til utanríkismanna, er setjast að á Íslandi, en til landsmanna þar. Verzlunarlögin 15. apríl 1854 hafa enga breytingu gjört í þessari grein; en eptir 1., 2. og 3. gr. er nú leyfilegt að flytja utan fisk, er verkaður er í landinu, á utanríkisskipum, hvort sem þau leigja heldur þegnar Dana konungs, eður utanríkis menn senda þau þangað á sinn kostnað.

30. júlí. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um framfæri sveitarómaga.**

Nú er vèr fengið höfum álit yðart, herra amtmáður, 23. desember í fyrra um umkvörtun hreppstjóranna í Laxárdals hrepp í Dala sýslu, er þeir bera sig upp undan úrskurði yðrum 21. júlí 1856, er var á þá leið, að Kristján nokkurr Kristjáns-son skyldi með fjölskyldu sinni eiga framfæri í Laxárdals hrepp: Þá látum vèr yður vita, sjálfum yður til eptirsjónar og til auglýsingar þeim er hlut eigu að máli, að með því allir játa, að Kristján hafi verið 6 ár samfleytt í Laxárdals hrepp, frá 1831—1837, þá leiðir það beinlínis af ákvæðum 6. gr. í reglugjörð 8. janúar 1838, að hann sè sveitlægur þar í hrepp, fyrst hann hefir eigi síðan eignast sveit annarstaðar; fyrir þessa sök finnst dómsmálastjórninni engin ástæða til að breyta úrskurði þeim, er þér, herra amtmáður, hafið á lokið.